

Berist til Jóns Eiríks Einarssonar/ Hreppsnefnd 27.1.25

Góðan dag. Ég heiti Herdís L. Storgaard og er stofnandi góðgerðarfélagssins *Miðstöð slysavarna barna* (msb.is). Félagið stendur fyrir fræðslu fyrir foreldra um slysavarnir ungra barna á heimilum og öryggi þeirra í bílum í samvinnu við heilsugæsluna. Kennsluaðstaðan er sérstök að því leiti að hún er innréttuð eins og heimili en það gerir hana betri þar sem foreldrar fá raunveruleg dæmi inn í efni námskeiðsins. Námskeiðin hafa alltaf verið ókeypis fyrir foreldra og ég hef ekki nein laun fyrir þessa vinnu.

Foreldrar fá boðsbréf að koma á þetta námskeið þegar konan er í 28 viku á meðgöngu og parið skráir sig á heimasíðuna. Námskeiðin eru haldin reglulega, að meðaltali eitt á viku, eða fleiri eftir þörfum. Ég legg þetta á mig því ég veit að engin er að sinna slysavörnum barna og ég vil leggja mitt af mörkum sökum sérstakrar þekkingu á málaflokknum.

IKEA og Sjóvá eru helstu styrktaraðilar verkefnisins og fjármagan leiguna fyrir kennsluaðstöðu í Hátúni 12 í Reykjavík.

Ástæða þess að ég sendi þetta bréf er sú að foreldrum á landsbyggðinni stendur þetta námskeið ekki til boða þar sem það er haldið í Reykjavík, né erlendum foreldrum sem ekki skilja íslensku, geta ekki sótt þetta námskeið óháð búsetu þar sem þau eru ekki kennd á öðru tungumáli.

Mig hefur lengi langað að útbúa námskeiðið í rafrænu formi. Þetta er ekki bara að ég standi og tali heldur er þetta upptaka af mér að fræða og sýna hluti til að foreldrar átti sig á hlutunum, þannig að þetta er talsverð klippivinna og nærmyndataka af hlutunum í íbúðinni. Ég er búin að gera verðkönnun og ódýrasta tilboðið fyrir fullunnið myndband er 2 milljónir. Myndband yrði textað á ensku til þess að mæta auknum fjölda foreldra af erlendum uppruna.

Heilsugæslan er tilbúin að auglýsa námskeiðið á öllum heilsugæslustöðum á landsbyggðinni og fyrir erlenda foreldra sem eiga von á barni eða hafa nýlega eignast barn. Þrátt fyrir að geta ekki styrkt verkefnið með fjármagni. Námskeiðið yrði þá kennt á netinu, bæði með myndbandinu og svo fræðslu og spurningum í gegnum zoom. Í lok námskeiðs yrði boðið upp á frekari stuðning og foreldrarnir hefðu einnig aðgang að mér um aðstoð þeim að kostnaðarlausu. Boðið yrði upp á 1 til 4 námskeið á mánuði eða eftir þörfum.

Námskeiðið leggur áherslu á verðandi foreldra og á námskeiðinu er útskýrt fyrir þeim hverjar eru ástæðir slysa hjá börnum, öryggi á heimilinu, nýngar í öryggi ungbarna í svefnumhverfi þeirra og öryggi barna í bílum. gengið er um húsið og atriði af gátlistanum skoðuð og þeim sýndar lausnir. Afar og ömmur eru líka boðin velkomin þeim að kostnaðar lausu.

Ég er því að biðla til ykkar um styrk kr. 50.000.- til að safna styrktar framlögum til fjármögnunar þessa myndbands sem er um kr.2.000.000. haft verður samband við önnur sveitarfélög um fjárframlag.

Með bestu kveðjur  
Herdís Storgaard  
Sími 8630194

